

Mánudaginn 30. septembermánaðar.

Nr. 15/1895:

Rjettvísni

gegn

Þorsteini Stefánssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Ísafjarðarsýslu, upp kveðnum 4. sept. f. á., var hinn ákærði Þorsteinn Stefánsson dæmdur samkvæmt analogíu 149. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan málskostnað, þar á meðal 5 kr. til verjanda hans í hjeradi. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði fyrir hinn ákærða og af hálfu hins opinbera.

Í máli þessu er hinn ákærði, sem er kominn undir sextugt og eigi hefur áður sætt ákæru eða verið dæmdur fyrir neinn misverknað, sakaður um það, að hann hafi gjört sig sekan í röngum framburði fyrir rjetti og meinsæri, og eru atvik málsins þessi:

Árið 1892, hinn 17. júní var ákærði leiddur sem vitni í rannsókn gegn Skúla sýslumanni Thoroddsen um það, hvort nefndur sýslumaðnr hefði beitt ólöglegri þvingan gegn sakborningi einum. Hann skýrði þá frá því meðal annars, að hann myndi ekki til þess, að sakborningurinn, Sigurður Jóhannsson, auknefndur »Skurður«, hefði neitað að svara spurningum prófdómarans í rjettarhaldi 21. janúarmán. nefnt ár, nje heldur í rjettarhöldunum

23., 25. og 30. s. m., en við þessi rjettarhöld var ákærði rjettarvottur. Ákærði skýrði frá því, að rannsóknardómarinn hefði talað svo til Sigurðar, þegar hann í fyrsta sinni setti Sigurð upp á vatn og brauð: »Fyrst þú ekki vilt meðganga, verðurðu að lifa við vatn og brauð þangað til þú meðgengur; farið út með hann, piltar«. — Sama daginn og þetta próf var haldið, undirskrifaði hinn ákærði ásamt öðrum manni skýrslu, sem fer í nokkuð aðra átt en framburður hans fyrir rjettinum. Þannig lýsir hann því yfir, að Sigurður Jóhannsson hafi fleirsinnis sýnt þrjúzku við rjettarhöldin, þannig, að hann hafi neitað að svara spurningum rannsóknardómarans; þetta átti sjer stað þau skipti, er dómarinn úrskurðaði Sigurði vatn og brauð. Þessi skýrsla var fram lögð í rjettinum af Skúla Thoroddsen hinn 18. júní 1892. Sama dag var hinn ákærði kallaður fyrir rjett, og skýrir þá frá, að hann hafi gefið skýrsluna eptir beiðni Skúla Thoroddsens eptir að búið var halda áður umtalað rjettarpróf yfir honum. Hafi Skúli spurt sig um, hvað hann hafi borið fyrir rjettinum, og sagði ákærði honum það af því, sem hann mundi, en skýrslan virðist þá þegar hafa verið orðin óljós fyrir ákærða. Í þessu rjettarhaldi kannast ákærði við það, að Sigurður Jóhannsson hafi verið settur upp á vatn og brauð 22. jan. 1892 og sleppt aptur 28. s. m., enn fremur kannast ákærði við, að hann hafi heyrt Sigurð einu sinni segja fyrir rjetti við dómarann, Skúla Thoroddsen: »Hvað eiga þessar sifelldu spurningar að þýða; jeg get

ekki verið að svara þeim lengur«. Hvenær þetta var, þóttist ákærði þá ekki muna, og ekki vissi hann neitt til þess, að Sigurður hefði optar færzt undan að svara prófdómaranum. Þegar hinum ákærða var bent á ósamhljóðan þá, sem er á milli hinnar skrifudu skýrslu hans og framburðar hans í rjettinum þenna dag, getur hann enga grein gjört fyrir því, segir að það sje rjett, sem hann hafi borið í dag, en komi það í bága við greinda skriflega skýrslu eða annan framburð sinn, sje það minnisleysi eingöngu að kenna. Í næsta skipti var ákærði fyrir rjetti hinn 25. júní, og lýsti hann því þá skorinort yfir, að hann tæki aptur hinn fyrri framburð sinn um, »að Sigurður Jóhannsson hafi verið settur inn fyrir ekki að meðganga«, og sje hinn fyrri framburður sinn minnisleysi. Hinn 6. júlí 1892 staðfesti hinn ákærði með eiði vitnaskýrslur þær, sem hann þangað til hafði gefið í málinu. Við rjettarhald 12. okt. 1892 minntist ákærði þess, að Sigurður Jóhannsson hafi einu sinni neitað að svara Skúla sýslumanni Thoroddsen, og hafi Sigurður þá verið settur upp á vatn og brauð. Hinn ákærða minnir þá og, að Sigurður hafi í annað skipti neitað að svara sýslumanni, en man þó ekki eptir því, hvort hann þá hafi verið settur upp á vatn og brauð, og gat ákærði þess jafnframt, að þennan framburð sinn hafi hann staðfest með eiði hinn 6. júlí næst á undan. Sem sakborningur í eiginlegum skilningi virðist ákærði fyrst hafa mætt fyrir lögreglu-

rjetti 14. sept. 1893. Hann kannast nú við fram-
burð sinn frá 17. júní 1892 og segir hann rjettan,
en bætir því þó nú við, sem annars hefur þegar
áður verið tekið fram, að Sigurður Jóhannsson
hafi eitt sinn sagt við Skúla fyrir rjetti: »hvað
eiga þessar eilífu spurningar að þýða, jeg get ekki
verið að svara þeim lengur«, enda hafi Sigurður
verið þrjúzkur og afundinn, einkanlega í síðustu
prófunum, þó ekki hafi hann beinlínis neitað að
svara dómaranum, sbr. framburð ákærða 19. sept.
1893. — Hjer hafa verið raktar og tilgreindar
skýrslur hins ákærða um meðferð Skúla Thorodds-
sens á hinu svo nefnda »Skurðsmáli«, en þá kem-
ur til athugunar annar kaffi þessa sakamáls, sem
eru ýmsar skýrslur ákærða um meðferð Skúla
sýslumanns Thoroddsens á sakamáli gegn Rögn-
valdi Guðmundssyni, en ákærði var annar rjettar-
votturinn við rjettarhöld þau, sem Skúli var sak-
aður um að hafa bókað rangt í rjettarbókina.

Hinn ákærði var kallaður fyrir rjett 12. okt.
1892. Hann kannaðist þá við, að hann hafi verið
rjettarvottur í rannsókninni gegn Rögnvaldi Guð-
mundssyni, en man eigi hve opt, en eptir að mál
var höfðað gegn Rögnvaldi, man ákærði ekki, að
hann hafi verið vottur í því. Hann man eigi held-
ur, að Grímur Jónsson hafi nokkurn tíma mætt í
málinu. Ekki man hann heldur til þess, að Rögn-
valdur hafi mætt í málinu eptir að rannsókn þess
var lokið. Hann man ekki að hann hafi handsal-
að Skúla Thoroddsen nafn sitt til undirskriptar,
en hann minnir að hann hafi handsalað Kristjáni

Friðfinnssyni nafn sitt til undirskriptar einu sinni. **Vitninu** voru sýnd nöfn þess undir rjettarhöldun-
 um 19. sept., 3. og 16. okt. 1891. Nafnið 16. okt.
 segist ákærði hafa skrifað, en muni þó ekki eptir
 rjettarhaldinu. Ákærði man eigi eptir, að hann
 hafi handsalað nafn sitt 19. sept., og kannast ekki
 við, að hönd hans sje undir rjettarhaldinu 3. okt.
 Í rjettarhaldi 24. okt. 1892 breytir ákærði fram-
 burði sínum að því leyti, að hann nú kannast við,
 að hafi einu sinni handsalað Skúla Thoroddsen
 nafn sitt til undirskriptar, en hvenær það hafi
 verið, man ákærði ekki. En næsta dag, hinn 25.
 okt., sendir sakborningur ásamt öðrum manni dóm-
 aranum skriflega skýrslu, þar sem þeir lýsa því
 yfir, að þeir hafi fleirsinnis verið rjettarvottar árið
 1891 í sakamáli gegn Rögnvaldi Guðmundssyni,
 meðal annars við rjettarhöldin í septbr. og snemma
 í október, enn fremur, að þeir eptir nákvæma at-
 hugun muni, að þeir hafi mætt í rjettinum snemma
 í október Grímur Jónsson og Rögnvaldur Guð-
 mundsson. Brjef þetta var fram lagt í rjettinum
 31. okt. 1892, og kannaðist hinn ákærði við það
 fyrir rjetti 5. nóv. s. á. og staðfesti innihald þess
 að mestu leyti, nema hvað hann var ekki fastur
 á því, að Rögnvaldur hefði mætt í rjettinum 3.
 okt. 1891. Í sama rjettarhaldi kannaðist ákærði
 við það, að Skúli Thoroddsen hafi skrifað nafn
 sitt handsalað undir rjettarhaldið 19. sept. 1891 og
Kristján Friðfinnsson undir rjettarhaldið 3. okt. s.
 á. Í rjettarhaldi 12. apríl 1893 kannaðist ákærði
 við það, að hann nú muni, að Grímur Jónsson

hefði mætt í Rögnavalarmáli um miðjan september og að hann hafi bedið um frest í málinu til októbers 1891; svo skýrir hann nú og frá því, að Grímur Jónsson og Rögvaldur Guðmundsson hafi báðir mætt í málinu 3. október s. á., en er þó eigi fastur á því, að Rögvaldur hafi mætt þá. Í rjettarhaldi hinn 14. sept. 1893, þegar ákærði er í fyrsta sinn yfirheyrður sem sakborningur, tekur ákærði það fram, að hann nú muni að Rögvaldur Guðmundsson hafi ekki mætt í máli sínu, eptir að það var tekið fyrir, og að hann þori ekki að fullyrða, að Grímur hafi mætt í málinu 19. sept. og 3. okt. 1891, enda muni nú eigi, hvort hann hafi sjálfur verið rjettarvottur við þessi rjettarhöld. Í rjettarhaldi 19. sept. 1893 endurtók ákærði þetta sama með þeirri viðbót, að hann þorði nú heldur ekki að fullyrða, að hann hefði handsalað Skúla Thoroddsen nafn sitt undir 19. sept. rjettarhaldið nje Kristjáni Friðfinnssyni 3. okt. s. á.

Eins og ákærði kemur fyrir í prófunum, virðist hann vera vitsmunasljór, kjarklítill og einkanlega minnislaus. Í málinu er einnig fram komið læknisvottorð frá árinu 1893 um, að ákærði hafi þá reynzt vera hjartveikur og taugaveiklaður, og annað vottorð (frá öðrum lækni), gefið 13. janúar 1894, um að hann hafi þá um nokkurn tíma haft snert af gedveiki (Hypochondri). Þegar nú litið er á allt þetta og á menntunarleysi ákærða, og hins vegar á það, hve langur tími var liðinn frá því, er það gjörðist, er hann var krafinn vitnis um, og eins hve langt leið opt milli prófanna í

málinu, þá verður það trúanlegt, sem ákærði hefur stöðugt haldið fram, að missagnir hans og óstöðugleiki í vitnaframburði hans hafi ekki stafað af illum vilja eða hafi orðið viljandi hjá honum, heldur hafi hann í hvert skipti borið eins og honum fannst satt og rjett vera í þann svipinn. Það þykir þó eigi rjett að láta ákærða sleppa með öllu við refsingu, heldur ber að heimfæra aðferð hans og framkomu undir analogíu 149. greinar almennra hegningarlaga, og álizt hún hæfilega metin 10 daga einfalt fangelsi. Svo verður hann og að greiða allan af sökinni leiðandi kostnað bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar á meðal málfutningslaun til verjanda í hjerði 5 kr. og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra: Það vottast, að rekstur málsins í hjerði og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Þorsteinn Stefánsson, á að sæta 10 — tíu — daga einföldu fangelsi og greiða allan sakarkostnað bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til verjanda í hjerði, konsúls Sigfúsar Bjarnarson, 5 kr., og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirrettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.